



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2015 (53. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 25.09.2015 kl. 14:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Einar Jón Pálsson boðaði forföll.

1. Kynning á drögum að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar

Drög að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar voru auglýst nýlega og er frestur til að gera athugasemdir við drögin útrunninn. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsögn eða athugasemdir við drögin:

- › ALP bílaleiga
- › EAK Eldsneytisafgreiðsla Keflavíkurflugvallar
- › Fasteignafélagið Völlur
- › Gunnar Olsen
- › Hjálmar Árnason
- › HES Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- › Minjastofnun Íslands
- › Reykjanesbær
- › SAF Samtök ferðaþjónustunnar
- › Sandgerðisbær
- › Skeljungur
- › Skipulagsstofnun
- › Sveitarfélagið Vogar
- › Umhverfisstofnun
- › Veðurstofa Íslands
- › Vegagerðin

Isavia mun gera tillögu að svörum við athugasemdunum.



2. Fálkavöllur 7

Fyrirspurn hefur borist frá Airport Associates og UPS um stækkun á Fálkavelli 7. Um er að ræða stækkun á vörugæymslu og skrifstofum. Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag. Óskað er eftir að fá að byggja hærri byggingu en skipulag gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir byggingu allt að 11 m hæð í stað 6,2 m. Þá er óskað eftir undanþágu frá kröfu um frágang á þakköntum sem nú gilda á svæðinu. Hækka gæti þurft nýtingarhlutfall lóðarinnar.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og mun taka það til formlegrar afgreiðslu þegar unninn hefur verið breyttur deiliskipulagsuppráttur.

3. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar greindi frá málum sem hafa verið til umfjöllunar í samstarfsnefnd um svæðisskipulag Suðurnesja:

- Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar
- Kynning á drögum að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar
- Vatnstökusvæði fyrir Suðurnesin

Ljóst er að breyta þarf svæðisskipulaginu í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.

4. Þróun Flugstöðvarinnar

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir áætlaðri þróun flugumferðar og uppbyggingu Flugstöðvarinnar og flugvallarins.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 30.10.2015, kl. 10:00 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx